

Fréttabréf Vallarsels

Febrúar 2012

Skólastarfið

Þó veðrið sé rysjótt og mikið búið að rigna undanfarið höldum við okkar striki í starfinu og mörg skemmtileg verkefni í gangi eins og alltaf. Í þessu veðri eru börnin ótrúlega dugleg að vera úti og kvarta ekki.

Við tókum þátt í árlegum Degi leikskólans s.l. mánudag 6.febrúar er við komum saman allir leikskólarnir á Akranesi við stjórnarsýsluhúsið og minntum á okkur og það frábæra starf sem unnið er í skólunum. Þar var bæjarstjóra afhent plaggat í tilefni dagsins sem innihélt gullkorn frá glöðum og kátum leikskólakrökkum. Allar deildir í Vallarseli tóku þátt og börðust yngstu börnin á móti verðinu eins og ekkert væri.

Tannverndarvikan er nýliðin og var ýmislegt unnið þá daga til að minna á mikilvægi tannhirðu og góðrar tannheilsu. Nokkrar deildir fóru í heimsókn á tannlæknastofur og fengu þar góðar móttökur og fræðslu. Leikskólinn vinnur reglulega með þetta efni en öll fræðsla byrjar heima og hvetjum við foreldra til að kenna börnum sínum tannburstun og góða tannheilsu með því að fara reglubundið til tannlæknis og minnka aðgengi að sælgæti og sykri.

112-dagurinn

Föstudaginn 10.febrúar ætlum við að taka þátt í og minnast alþjóðlega 112-dagsins sem er daginn eftir þ. 11.febrúar. Við eigum von á slökkvibíl og sjúkrabíl í heimsókn sem við fáum að skoða og jafnvel "heyra" í. Það er mikilvægt að börnin kynnist því hvaða gildi svona dagur hefur, því aldrei er að vita hvenær við þurfum á því að halda að hringja í 112.

Syngjandi glöð í leik og starfi

Bollu- sprengi- og öskudagur 20.-22.febrúar

Þeirra daga verður minnst með hefðbundnum hætti í mat og leik. Á öskudaginn verður náttfataball í salnum eins og venjulega og þann dag mega allir vera í náttfötunum allan daginn í skólanum ef þeir vilja. Á eftir ballinu verður "kötturinn" sleginn úr tunnunni á öllum deildum. Ballið byrjar kl. 9.30.

Góðverkadagar 20.-24.febrúar

Við ætlum að taka þátt í þessum dögum og láta eitthvað gott af okkur leiða fyrir bæinn okkar fyrir utan að vera sérlega hjálpsöm og dugleg hvert við annað bæði í skólanum og heima. Nánar auglýst á deildum er nær dregur.

Starfsmannahaldið

Búið er að ráða Jóhönnu Sigríði Gylfadóttur í stöðu matráðs í Vallarseli frá 1.mars n.k., en þá mun Silja okkar láta af störfum.

Flokkun á sorpi

Þessa dagana er verið að taka í notkun ný sorpkör og innanhúss-flokkunarbari, til að hefja flokkun á sorpi í skólanum. Allt sorp verður grófflokkað eftir því sem hægt er og aðstæður leyfa. Markmiðið er að allir taki þátt, og að gera bæði starfsfólk og ekki síður börnin meðvituð um mikilvægi þess til framtíðar að flokka sorp. Mikilvægt er að börnin fái að taka að fullu þátt. Unnið er að vinnurelgum og verða þær settar á heimasíðuna þegar þær verða að fullu tilbúnar.

Við hvetjum foreldra til að fylgjast vel með og vinna að því heima að gera börnin meðvituð um þetta brýna umhverfismál.